



Austurvegur 65a - 800 Selfoss

Sími 480 8250 – Veffang www.hsl.is – Netfang hsl@hsl.is – Kennitala 480284-0549

**Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík**

Selfossi, 10. mars 2025
2502053HS SHJ

Efni: Skógrækt í landi Villingavatns, nr. 0147/2025 - Umsögn um tilkynningu um framkvæmd

Þann 10. febrúar sl. móttók Heilbrigðiseftirlit Suðurlands erindi Skipulagsstofnunar í gegnum Skipulagsgáttina þar sem óskað er eftir umsögn embættisins um tilkynningu vegna fyrirhugaðar skógræktar til kolefnisbindingar og nytja á um 1.700 ha í landi Villingavatns í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Gert er ráð fyrir að hægt sé að nýta um 1.300 ha land til skógræktar og að um 2.000 - 2.500 trjáum verði plantað í hvern hektara. Samtals er gert ráð fyrir að allt að 3,3 millj. tré verði gróðursett, en gróðursettur verður blandaður skógur með alaskaösp, greni, lerkí eða furu og birki. Skilin verða eftir auð svæði um 10-30 m breið meðfram árfarvegum, lækjum og gljúfrum og um 8 m breið meðfram línuvegum, raflinum og vinnuslóðum. Þá verða helgunarsvæði í kringum fornminjar. Notast verður við núverandi vegi þar sem þeir eru til staðar, en línuvegir sem fylgja raflinum þvera framkvæmdasvæðið. Þar sem fjarlægðir eru meiri frá línuvegum er gert ráð fyrir nýjum vinnuslóðum. Stefnt er að að halda jarðvinnu í lágmarki en talið er að ekki þurfi jarðvinnslu á um 80 % á svæðinu. Áburðargjöf verður um 10-15 g af tilbúnum áburði á hverja plöntu eða allt að 37 kg/ha. Gert er ráð fyrir svokallaðri sípekjuskógrækt þar sem ekki verður hoggið eða grísað meira en 20-12% af tilteknu svæði í einu. Gert er ráð fyrir að fyrsta grísjun geti orðið 15-20 árum eftir gróðursetningu, og seinni grísjun eftir 30-50 ár eftir grósku og vaxtarhraða. Jörðin Villingavatn er innan vatnasviðs Þingvallavatns og innan skilgreinds varúðarsvæðis, auk þess sem syðsti hluti hennar er innan hverfisverndarsvæðis. Verkefninu er áfangaskipt.

Við mat á helstu umhverfisáhrifum framvæmdarinnar voru athuguð áhrif hennar á umhverfispættina vatnafar og lífríki í vatni, gróður og líffræðilegur fjölbreytileiki, fuglalíf, fornleifar, landslag og ásynd, loftslag og verndarsvæði. Að teknu tilliti til grunnástands, viðmiða, mögulegra umhverfisáhrifa og mótvægisáðgerða voru áhrif framvæmdarinnar talin óveruleg á fornleifar, landslag og ásynd og verndarsvæði, nokkuð jákvæð á vatnafar og lífríki í vatni og fuglalíf, talsvert jákvæð á gróður og líffræðilegan fjölbreytileika og verulega jákvæð á loftslag.



Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur farið yfir ofangreinda tilkynningu fyrir téða framkvæmd og engar athugasemdir en bendir á að tilkynningunni kemur ekki fram að framkvæmdin er í næsta nágrenni við neysluvatnsból VB5 og VB25. Embættið bendir jafnframt á að í aðalskipulagi eru aðeins skilgreind grannsvæði og brunnsvæði umhverfis vatnsbólin, en ekki fjarsvæði þeirra, eins og þó er áskilið skv. 13. gr. rg. nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns m.s.br. Þrátt fyrir að fjarsvæði séu ekki afmörkuð við umrædd vatnsból má leiða að því líkum að framkvæmdin sé a.m.k. að hluta til innan fjarsvæðis vatnsverndar fyrir vatnsbólin VB5 og VB25 eins og þau eru staðsett á aðalskipulagsupphætti.

Að öðru leyti telur HSL að tilkynningin geri að nægjanlega grein fyrir eðli, umfangi og umhverfi framkvæmdarinnar, en framkvæmdaraðili telur að ekki sé þörf á mótvægisáðgerðum eða vöktun vegna hennar, annarri en vöktun óháðra vottunaraðila á kolefnisbindingu. Embættið telur að varanleg umhverfisáhrif framkvæmdarinnar önnur en sjónræn og staðbundin í næsta nágrenni hennar séu óveruleg og mögulegt að milda þau með góðri umgengni á bæði framkvæmda- og rekstrartíma. Embættið telur að framkvæmdin kalli ekki á mat á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til þeirra viðmiða sem koma fram í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Skógrækt sem slík er almennt ekki starfsleyfissskyld hjá Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, en ræktun, uppgræðsla, mannvirkjagerð (þ.m.t. lagning vega) og notkun og geymsla áburðar og efna innan vatnsverndarsvæða er starfsleyfissskyld hjá heilbrigðisnefnd, sbr. m.a. 16., 23. og 44. gr. samþykktar nr. 326/2022 um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma sveitarfélaganna á starfssvæði Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,


Stella Hrönn Jóhannsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi



Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
150 Reykjavík

Skógrækt í landi Villingavatns. Umsögn um matsskyldufyrirspurn.

Tilvísun: 142/2025

Vegagerðin hefur fengið til umsagnar tilkynningu til ákvörðun um matsskyldu skógrækt í landi Villingavatns, dags. 2.febrúar 2025.

Vegagerðin hefur rýnt skýrsluna á grundvelli 2. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar að stuðla að öruggum, sjálfbærum, greiðum og hagkvæmum samgöngum.

Framkvæmdalýsing

Í tilkynningunni eru kynntar áform um skógrækt í landi Villingavatns í Grafningi. Jörðin er um 1.700 ha að stærð og er gert ráð fyrir að 1.300 ha þess lands verði nýtt til skógræktar og að um 2.000-2.500 trjáum verði plantað á hvern hektara. Samtals er því gert ráð fyrir að 2,6-3,3 millj. tré verði gróðursett.

Aðkoma og vegagerð

Samkvæmt matskyldufyrirspurninni verður aðkoma að framkvæmdasvæðinu um Grafningsveg efri (360-02) sem er þjóðvegur á forræði Vegagerðarinnar. Notast verði við núverandi vegi þar sem þeir eru til staðar, ásamt línuvegum sem liggja innan framkvæmdasvæðinu og nýjum vinnuslóðum.

Umsögn

Vegna öryggissjónarmiða er mikilvægt að takmarka umferð um vegslóða sem tengjast Grafningsvegi efri og halda fjölda vegtenginga í lágmarki. Æskilegt er að fækka vegamótum við Grafningsveg efri og tryggja að aðeins verði notaðar þær vegtengingar sem nauðsynlegar eru. Jafnframt er mælt með því að beina umferð um skilgreind vegamót til að auka umferðaröryggi og draga úr óþarfa vegtengingum.

Vegagerðin bendir á að nýjar tengingar við þjóðveg eru háðar leyfi Vegagerðarinnar og ef breyting verður á notkun vegarins skal haft samráð við stofnunina. Skv. vegalögum nr. 80/2007 er veghelgunarsvæði 30 m breitt til hvorrar handar frá miðlínu stofnbrautar, en 15 m frá miðlínu annara þjóðvega. Framkvæmdir innan veghelgunarsvæðis, þ.m.t. skógrækt eru háðar leyfi frá Vegagerðinni.

Virðingarfyllt
f.h. Vegagerðarinnar
Hólmfríður Bjarnadóttir

Undirskrift

Síða 1/1

Vegagerðin
Suðurhraun 3
210 Gardabær
+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Hafnarfjörður 10. mars 2025
Tilv.2025-02-10-0132

Efni: Varðar umsagnarbeiðni um skógrækt í landi Villingavatns

Með erindi úr Skipulagsgátt dags. þann 10. febrúar 2025 leitar Skipulagsstofnun umsagnar Fiskistofu varðandi hugsanlega matsskyldu framkvæmda sem varða fyrirhugaða skógrækt í landi Villingavatns. Málið er nú í umsagnarferli og er nr. 0147/2025. Fram kemur í meðfylgjandi gögnum að:

„Almennt eykur gróður vatnsgæði með því að draga úr jarðvegsrofi og útskolun í ár og vötn, ásamt því að regla vatnsbúskap og draga þannig úr flóðum og öfgafullum rennslissveiflum og landrofi. ... Aukin gróðurþekja kemur því til með að draga úr hættu á því að óæskileg efni berist í vatn. Skógur eykur auk þess magn lífræns efnis í ám og vötnum sem hefur jákvæð áhrif á lífríki vegna aukins fæðuframboðs.“

Að lokum var tekið fram að niðurstaðan væri sú að ekki væri talið að skógræktin hefði neikvæð áhrif á lífríki vatnsins

Fiskistofa bendir á að sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka, sem áhrif getur haft á lífríki vatnsins eða aðstæður til veiði er háð leyfi Fiskistofu, sbr. 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði. Í því samhengi bendir Fiskistofa á umsögn Hafrannsóknastofnunar í málinu og hvetur til þess að farið verði eftir þeim leiðbeiningum og athugasemdum, þar sem Fiskistofa lítur til athugasemda Hafró við ákvarðanatöku hvort leyfi til framkvæmda verði mögulega veitt í framtíðinni.

Virðingarfyllst,
F.h. Fiskistofu

Hera K. Aradóttir

Hera K. Aradóttir
Sérfræðingur á lax- og silungsveiðisviði



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Rannsóknar- og miðlunarsvið
Suðurgata 39 101 Reykjavík
(354) 570 13 00
www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7 b
105 Reykjavík

Reykjavík, 10. mars 2025
MÍ202502-0061/ 6.07 / O.I.

Efni: Skógrækt í landi Villingavatns (0147/2025) - matsskyldufyrirspurn

Óskað hefur verið eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um matsskyldufyrirspurn vegna skógræktar í landi Villingavatns í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í greinargerð með fyrirspurninni, dags. 02.02.2025, kemur fram að land Villingavatns sé um 1700 ha að stærð, en fyrirtækið Heartwood Afforested Land ehf. áformi að nýta um 1.300 ha. þess undir skógrækt. Verður um að ræða sípekjuskóg sem komi til með að binda kolefni, skapa timburnytjar og græða upp raskað land.

Fram kemur að fyrir liggi tvær fornleifaskráningar sem ná yfir land Villingavatns. Er annars vegar um að ræða skýrslu Fornleifastofnunar Íslands ses frá árinu 1998, *Fornleifar í Grafningi*, en hins vegar skýrslu Fornleifastofnunar frá 2018, *Endurskoðun fornleifaskráningar í Grímsnesi og Grafningi*, sem nær einungis yfir hluta Villingavatnsjarðarinnar. Þrátt fyrir að báðar þessar skýrslur séu ágætlega unnar, þá standast þær ekki kröfur Minjastofnunar með tilliti til þeirra skógræktaráforma sem hér eru til umfjöllunar. Því er það mat stofnunarinnar að endurvinnna þurfi fornleifaskráningu á hinu fyrirhugaða skógræktarsvæði. Í áðurnefndri greinargerð með matsskyldufyrirspurninni kemur reyndar fram að fyrirtækið Antikva ehf. hafi verið fengið til þess að sjá um endurskráningu svæðisins og að gert sé ráð fyrir að niðurstöður þeirrar vinnu muni liggja fyrir vorið 2025. Einnig kemur fram að tekið verði tillit til 15 m verndarsvæði umhverfis minjarnar við áætlanagerð á skógræktarsvæðinu.

Þar sem fornleifaskráningu Antikva ehf er ekki lokið, þá telur Minjastofnun að ómögulegt sé, að svo stöddu, að leggja mat á áhrif hinnar fyrirhuguðu skógræktar á minjar á svæðinu. Kemur stofnunin því til með að taka afstöðu til skógræktarinnar þegar skráningin liggur fyrir.

Oddgeir Isaksen

Verkefnastjóri
oddgeir@minjastofnun.is

Virðingarfyllst,



Oddgeir Isaksen
Verkefnastjóri

Sent: Skipulagsgátt



Skipulagsstofnun

Þórdís Stella Erlingsdóttir

Borgartún 7b

105 REYKJAVÍK

Garðabær, 10.3.2025

Málsnúmer: 202502-0022

IAS/AEP/BK/OKV

Efni: Skógrækt í landi Villingavatns. Matskyldufyrirspurn.

Vísað er í erindi frá Skipulagsstofnun, dagsett 10. febrúar 2025, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um matskyldufyrirspurn vegna skógræktar í landi Villingavatns.

Heartwood Afforested Land ehf. áformar skógrækt í landi Villingavatns í Grafningi. Jörðin er um 1.700 ha að stærð og er gert ráð fyrir að 1.300 ha þess lands verði nýtt til skógræktar. Markmið framkvæmdarinnar er að rækta sípekjuskóg sem bindur kolefni, skapar timburnytjar og græðir upp raskað land.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér matskyldufyrirspurnina og gerir eftirfarandi athugasemdir.

Fram kemur í greinagerð að syðsti hluti svæðisins er innan hverfisverndar Hengilssvæðis (HV4) skv. aðalskipulagi Grímsness- og Grafningshrepps 2020-2032, vegna fjölbreytt landslags, gljúfra og jarðmyndanna, auk þess er Villingavatn ásamt votlendi og aðdraganda þess á gildandi C-hluta náttúruuminjaskrár (svæði 773) vegna fjölbreytts gróðurs og fuglalífs. Til suðurs liggur fyrirhugað framkvæmdasvæði fast upp að jaðri Hengilssvæðisins (svæði 752 á C-hluta náttúruuminjaskrár) og Grændals, sem er tillaga Náttúrufræðistofnunar á B- hluta náttúruuminjaskrár og til norður liggur það að Þingvallavatni (svæði 743 á C-hluta náttúruuminjaskrár og tillaga Náttúrufræðistofnunar á B-hluta náttúruuminjaskrár). Huga þarf að áhrifum áformaðrar skógræktar á verndargildi svæða sem framkvæmdin hefur áhrif á.

Kolefnisbinding er ein af markmiðum framkvæmdarinnar. Náttúrufræðistofnun vill benda á að vísindamenn hafa varað við þeirri áherslu sem hefur verið lögð á skógrækt til kolefnisbindingar á norðurslóðum. Meðal annars hefur ítrekað verið bent á að svokallað albedo (hlutfall sólargeislunar sem yfirborð jarðar endurvarpar) getur stórlega dregið úr ávinningi skógræktar á norðlægum slóðum til að sporna við hlýnun þar sem skógarþekja endurvarpar sólargeislun síður en opið land (sjá t.d. Bala o.fl. 2007, Hasler o.fl. 2024, Weber o.fl. 2024). Við ákveðnar aðstæður geti skógrækt meira að segja haft gagnstæð áhrif á loftslag, þ.e. valdið hlýnun fremur en kælingu (Bala o.fl. 2007, Kristensen o.fl. 2024).

Þá er nauðsynlegt að samræma markmið um verndun líffræðilegrar fjölbreytni og markmið í loftslagsmálum. Á þetta er bent í skýrslu Milliríkjanefndar Sameinuðu þjóðanna (IPPC) (Pörtner o.fl. 2021) þar sem m.a. er varað við því að mótvægisáðgerðir sem fela í sér kolefnisbindingu með lífmassa, svo sem skógrækt, geta verið skaðlegar fyrir líffræðilega fjölbreytni. Sérstaklega ef notaðar eru framandi tegundir sem reynast ágengar, líkt og getur verið tilfellið með stafafuru (Wasowicz o.fl. 2025) og mögulega einnig sitkagreni (Nygaard og Øjen 2017).



Út frá vistgerðum og landhalla o.fl. má gera ráð fyrir háum þéttleika vaðfugla á svæðum sem merkt eru 4 og 3 á Mynd 2.1. Það á ekki einungis við votlendi heldur einnig nærliggjandi þurrlendi. Vaðfuglaríku landi ætti að mati Náttúrufræðistofnunar ekki að umbreyta í skóg þar sem það felur í sér búsvæðatap þar sem vaðfuglar þrífast ekki í skógum og gengur í berhögg við alþjóðlega samninga sem Ísland er aðili að. Má þar nefna Samning Sameinuðu Þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni (Convention on Biological Diversity) og Bernarsamninginn um verndun tegunda og vistgerða í Evrópu.

Skógrækt felur ekki einungis í sér beint búsvæðatap heldur hefur einnig jaðaráhrif á vaðfugla sem lýsa sér þannig að þéttleiki margra vaðfugla er lægri þegar nær dregur skóginum en fjær (Pálsdóttir o.fl. 2022).

Þeir vaðfuglar sem hér finnast teljast langflestir til ábyrgðartegunda Íslands sökum þess hve stór hluti þeirra verpur hérlandis. Stofnunin leggur á það áherslu að síaukið búsvæðatap vaðfugla mun með tímanum óhjákvæmilega leiða til fækkunar í stofnum þeirra. Ekki er hægt að gera ráð fyrir að fuglarnir geti einfaldlega fært sig eitthvert annað þar sem gera má ráð fyrir að flest ákjósanleg búsvæði séu nú þegar setin af fuglum. Þá eru flestir vaðfuglar mjög áttahagtryggir sem gerir þeim erfiðara fyrir að þurfa að fóta sig á nýjum, óþekktum slóðum (Tómas Grétar Gunnarsson 2020). Bent skal á að vart hefur orðið við fækkun hjá nokkrum tegundum vaðfugla sem munu lenda á valista við næstu uppfærslu hans (Náttúrufræðistofnun Íslands, óbirt gögn).

Svæði 3 og 4 ættu því að vera undanskilin þessum áformum. Nærtækara væri á þeim svæðum að fylla upp í skurði en slík aðgerð myndi einnig samræmast vel markmiðum um verndun líffræðilegrar fjölbreytni. Hvað varðar hina hluta svæðisins þá ætti sú framkvæmd tvímælalaust að fara í umhverfismat enda um mjög umfangsmikil skógræktaráform að ræða sem munu breyta gróðurfari og landslagi á stóru svæði.

Fyrir skógræktarsvæði, einkum þau sem ætluð eru til kolefnisbindingar, ætti gera kröfu um að fyrir liggi upplýsingar um grunnástand lands sem felst m.a. í vistgerðakortlagningu, mælingum á því hversu mikið kolefni er nú þegar bundið í gróðri og jarðvegi, mælingum á endurvarpi sólargeislunar og úttekt á líffræðilegri fjölbreytni innan svæða, m.a. fuglalífi.

Náttúrufræðistofnun leggst eindregið gegn því að notaðar séu trjátegundir sem geta reynst ágengar líkt og rannsóknir benda sterklega til að eigi við um stafafuru og mögulega einnig sitkagreni. Æskilegast væri að eingöngu væru notaðar innlendar trjátegundir til gróðursetningar.

Heimildir

Bala, G., Caldeira, K., Wickett, M., Phillips, T. J., Lobell, D. B., Delire, C., & Mirin, A. (2007). Combined climate and carbon-cycle effects of large-scale deforestation. *Proceedings of the National Academy of Sciences*, 104(16), 6550-6555.

Hasler, N., Williams, C.A., Denney, V.C., Ellis, P.W., Shrestha, S., Terasaki Hart, D.E., Wolff, N.H., Yeo, S., Crowther, T.W., Werden, L.K. and Cook-Patton, S.C., 2024. Accounting for albedo change to identify climate-positive tree cover restoration. *Nature Communications*, 15(1), p.2275.

Kristensen, J.Å., Barbero-Palacios, L., Barrio, I.C. et al. Tree planting is no climate solution at northern high latitudes. *Nature Geoscience*. 17, 1087–1092 (2024). <https://doi.org/10.1038/s41561-024-01573-4>

Nygaard, P. H., & Øyen, B.-H. (2017). Spread of the Introduced Sitka Spruce (*Picea sitchensis*) in Coastal Norway. *Forests*, 8(1), 24. <https://doi.org/10.3390/f8010024>



Pálsdóttir, A. E., Gill, J. A., Alves, J. A., Pálsson, S., Méndez, V., Ewing, H. & Gunnarsson, T. G. 2022. Subarctic afforestation: Effects of forest plantations on ground-nesting birds in lowland Iceland. *Journal of Applied Ecology*, 59(10), 2456–2467. <https://doi.org/10.1111/1365-2664.14238>

Pörtner, H.O., R.J. Scholes, J. Agard et al. 2021. Scientific outcome of the IPBES-IPCC co-sponsored workshop on biodiversity and climate change. Útg. 5. doi: 10.5281/zenodo.5101125. url: <https://doi.org/10.5281/zenodo.5101125>

Tómas Grétar Gunnarsson 2020. Búsvæði og vernd íslenskra vaðfugla. *Náttúrufræðingurinn* 90 (2–3) bls. 145–162.

Wasowicz P., Óskarsdóttir G., and Þórhallsdóttir Þ.E. 2025. *Lodgepole pine* (*Pinus contorta Douglas ex Loudon*) invasion in subarctic Iceland: evidence from a long-term study. *NeoBiota* 97: 47-66. <https://doi.org/10.3897/neobiota.97.134047>

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson

jarðfræðingur

Skipulagsstofnun
Pórdís Stella Erlingsdóttir
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Garðabær, 10. mars 2025
202502-0039/F.G.J.
08.03

Efni: Umsögn - Matsskyldufyrirspurn - Skógrækt í landi Villingavatns

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar er barst 10. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar varðandi matsskyldufyrirspurnar vegna fyrirhugaðrar skógræktar í landi Villingavatns í Grafningi.

Í greinargerð kemur fram að Heartwood Afforested Land ehf. áformar skógrækt á um 1.700 hektara svæði, þar sem 1.300 hektarar nýtast til skógræktar. Markmið framkvæmdarinnar er binding kolefnis, trjánytjar og uppgræðsla á röskuðu landi. Gert er ráð fyrir því að 2,6–3,3 milljónir trjáa verði gróðursett.

Náttúruverndarstofnun bendir á að þetta mál og þessi umsögn skuli skoðuð með máli nr. 127/2025 og umsögn stofnunarinnar um það til hliðsjónar. Það mál snýr að framkvæmdaleyfi vegna fyrsta áfanga þeirrar skógræktar sem þessi matsskyldufyrirspurn snýr að. Líkt og í fyrri umsögn Náttúruverndarstofnunar vegna máls nr. 127/2025 vill stofnunin benda á það skýtur ansi skökku við að veita framkvæmdaleyfi fyrir einangruðum hlutum af skógrækt sem í heild sinni er svo umfangsmikil að hún er í umsagnarferli matsskyldufyrirspurnar. Óhjákvæmilega verður eitthvað um tvítekningar í þessum tveimur umsögnum, enda snúa þær að sömu skógrækt á sama landi – annars vegar í heild (hér) og hins vegar að hluta (mál nr. 127/2025).

Vistgerðir og fuglalíf

Líkt og kemur fram í greinargerð einkennist meirihluti svæðisins, sér í lagi það sem er sunnan Grafningsvegar efri, af hraungambravist og er svæðið rofið. Í slíkri vistgerð er fuglalíf nokkuð og er skógrækt líkleg til þess að takmarka það. Spói og heiðlóa eru algengustu tegundir vistgerðarinnar, en fuglatalningar frá suðurlandi sýna marktæka fækkun þeirra sem og annarra tegunda eins og heiðlóu, lóupræls og þúfutittlings. Ekki er vitað hvað veldur fækkuninni en þar sem þessar tegundir sýna almennt neikvæð áhrif af aukinni landnotkun (mannvirkjum og skógrækt t.d.) gæti þetta verið merki um svæðisbundin neikvæð áhrif mannlegra umsvifa á þéttleika mófugla.¹

¹ [Mófuglar | moi.hi.is](https://moi.hi.is)

Náttúruverndarstofnun

Þó hraungambravist sé í miklum meirihluta á svæðinu má nefna að innan svæðisins, sér í lagi norðan Grafningsveggar efri, finnast starungsmýravist og língresis- og vingulsvist sem eru með *mjög hátt verndargildi* og á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Fleiri vistgerðir finnast innan svæðisins sem eru einnig á lista Bernarsamningsins og með *hátt verndargildi*, svo sem runnamýravist á láglendi og lyngmóavist á láglendi. Starungsmýravist getur innihaldið ríkt fuglalíf og er algengt að fuglategundirnar lóupræll, spói, þúfutittlingur, hrossagaukur, jaðrakan og stelkur nýti slíka vistgerð til varps.

Framkvæmdasvæðið liggur við Sogið-Þingvallavatn (VOT-S 6) og er það alþjóðlega mikilvægt svæði fyrir himbrima, húsönd og gulönd.

Rannsókn Aldísar Pálsdóttur o.fl. frá 2022² á áhrifum skógræktar á vaðfugla sem útbúa sér hreiður á jörðu niðri sýnir fram á að flestar vaðfuglategundir dvelja og verpa í minni þéttleika í návist ræktaðra skóga en í svipuðum vistgerðum þar sem skógar hafa ekki verið ræktaðir. Því hefur skógrækt víðtækari áhrif á búsvæði og atferli fugla en skógræktarsvæðið sjálft nær til. Á meðal þessara tegunda voru spói, heiðlóa, jaðrakan og lóupræll, en allar þessar tegundir hafa verið taldar upp hér að ofan ýmist sem fuglar sem nýta sér vistgerð sem er á og umhverfis fyrirhugaðs skógræktarsvæðis, sem ábyrgðartegundir Íslands og sem tegundir sem hafa fækkað mikið á Suðurlandi.

Fleiri skógarbreiður eru í nágrenni framkvæmdasvæðisins og verður að hafa í huga að skógrækt hefur fælingaráhrif á margar fuglategundir umfram einungis framkvæmdasvæðið líkt og kemur fram að ofan. Þegar skógarflákar eru gróðursettir á stangli tapast því talsvert meira af búsvæðum og farleiðum en gert er ráð fyrir í fyrstu.

Að mati Náttúruverndarstofnunar þarf að meta áhrif skógræktarinnar á fuglategundaauðgi, -búsvæði og far- og aðflugsleiðir.

Náttúruminjar

Á blaðsíðu 17 í greinargerð kemur fram að innan svæðisins er ekki að finna nútímahraun eða aðrar jarðminjar sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd. Náttúruverndarstofnun bendir á að innan svæðisins eru vistkerfi sem falla undir ákvæði ofangreindrar lagagreinar s.s. votlendi (>20.000m²) og stöðuvötn (>1.000m²)

Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „*brýn nauðsyn*“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir. Náttúruverndastofnun bendir einnig á að skv. 10. gr. reglurðar nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendrar plöntutegunda er öll ræktun útlendra tegunda óheimil á friðlýstum svæðum og á landslagsgerðum er njóta sérstakrar verndar.

² Aldís E.P. o.fl. (2022). Subarctic afforestation: Effects of forest plantations on ground-nesting birds in lowland Iceland. *Journal of Applied Ecology*, 10, bls. 2453-2665.

Þó það komi fram í greinargerð að ekki verður gróðursett í votlendi þá getur rask í nærumhverfi votlendis haft áhrif á það, t.d. valdið þurrkáhrifum. Mikilvægt er að sýna ítrustu aðgát þegar unnið er í nágrenni votlendis. Sömu leiðis getur sjálfsáning tegunda átt sér stað í votlendu. Ekki kemur fram í greingargerð hvernig unnið verður að upprætingu einstaklinga sem dreifa sér út fyrir ræktunarsvæðið.

Hafa verður í huga, þar sem eitt helsta markmið framkvæmdarinnar er að rækta skóg sem bindur kolefni og selja út frá því vottaðar kolefniseiningar, að við jarðrask losnar kolefni úr jarðvegi og á það sérstaklega við um votlendi. Ávinningur slíkra framkvæmda er enn minni (og jafnvel enginn eða áhrifin neikvæð) á norðlægum slóðum jarðarinnar en annars staðar, líkt og kemur fram í alþjóðlegri vísindagrein um skógrækt á norðlægum slóðum sem var m.a. unnin af fulltrúa frá Landbúnaðarháskóla Íslands³. Því þarf að meta ávinning framkvæmdarinnar út frá slíkum þáttum, en ekki einungis efnahagslegum þáttum.

Náttúruverndarstofnun bendir á að innan Villingavatnsjarðarinnar er Villingavatn sem fellur undir ákvæði 61. gr. laga um náttúruvernd og er skráð nr. 773 á náttúruminjaskrá: *Villingavatn, Grafningshreppi, Árnessýslu. (1) Vatnið sjálft, votlendið umhverfis og aðdragandi þess. (2) Votlendi með fjölbreyttum gróðri og fuglalífi.*

Nyrsti hluti svæðis nr. 752 liggur innan marka jarðarinnar að sunnanverðu: *Hengilssvæðið, Ölfushreppi, Grafningshreppi, Árnessýslu. (1) Vatnasvið Grændals, Reykjadals og Hengladala ásamt Marardal og Engidal norðan Húsmúla. Að sunnan liggja mörk um Skarðsmýrarfjall, Orrustuhól og Hengladalsá að Varmá. (2) Stórbrotið landslag og fjölbreytt að jarðfræðilegri gerð, m.a. jarðhiti.* Náttúrfraeðistofnun hefur tilnefnt hluta þessa svæðis, þ.e. Grændal, til framkvæmdaáætlunar náttúruminjaskrár vegna jarðhitavistgerða og jarðhitalækja sem hafa hátt til mjög hás verndargildis og eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Einnig er þar að finna fjölda válistategunda.

Nyrst á svæðinu liggur svæðið Sogið-Þingvallavatn sem er einnig tilnefnt til ofangreindrar framkvæmdaáætlunar náttúruminjaskrár en forsendur fyrir vali svæðisins er að það er alþjóðlega mikilvægt svæði fyrir himbrima á haustin og húsönd og gulönd á vetrum.⁴

Að mati Náttúruverndarstofnunar er mikilvægt að tekið sé tillit til ofangreinds við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

Vatnalífriki og efnabúskapur

Í greinargerð kemur fram fyrirhugað er að nota barrtré í allmiklum mæli. Náttúruverndarstofnun bendir á að barrskógar geta haft áhrif á efnasamsetningu jarðvegs og valdið áhrifum á efnabúskap Þingvallavatns. Í bókinni Þingvallavatn – undraheimur í mótun stendur: Barrskógar gera jarðveg súran þar sem ál fer í upplausn og eyðileggur gróður og dýralíf, þar á meðal fiskklak⁵. Hvaða áhrif þetta getur haft á líffræðilega fjölbreytni Þingvallavatns er ekki vitað en minnt er á að í vatninu eru einlendar marflóategundir (finnast

³ Kristensen, J. o.fl. (2024). Tree planting is no climate solution at northern high latitudes. *Nature Geoscience*, 17, 1087-1092.

⁴ Náttúrfraeðistofnun. Sogið-Þingvallavatn.

⁵ Pétur M. Jónasson og Páll Hersteinsson (ritstj.) 2002. Þingvallavatn – undraheimur í mótun. Mál og menning. Reykjavík

Náttúruverndarstofnun

hvergi annarstaðar í heiminum) auk mjög sérstakra bleikjuafbrigða sem eru einstök á heimsmælikvarða.

Mikilvægt er að möguleg áhrif svo umfangsmikillar skógræktar með framandi tegundum á bökkum Þingvallavatns verði skoðuð mjög vandlega. Skoða þarf áhrif á efnasamsetningu vatnsins sem og fjölbreytni lífs, bæði innan og milli tegunda. Í ljósi ofangreinds getur Náttúruverndarstofnun ekki tekið undir niðurstöðu áhrifamats framkvæmdarinnar á vatnafar og lífríki í vatni um að skógræktin komi til með að hafa nokkuð jákvæð áhrif og þar með engin neikvæð áhrif á þau vatnshlot sem svæðið tekur til.

Vatnamál

Svæðið er innan verndarsvæðis vatnasviðs Þingvallavatns, en um það gilda lög nr. 85/2005 um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess. Í 1. mgr. 3. gr. kemur fram að innan verndarsvæðisins er óheimilt að gera nokkuð það sem getur spillt vatni eða mengað það, bæði yfirborðs- og grunnvatn. Einnig er á fyrirhuguðu skógræktarsvæði vatnsverndarsvæði (fjarsvæði) og svæðið liggur upp við bæði grann- og brunnsvæði. Náttúruverndarstofnun bendir á að skoða ætti málið í samhengi við þetta og mögulega mengun á vatni vegna notkun áburðar eða þess háttar – um 20-37 tonn af áburði verða notuð – sbr. lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011 og reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.

Náttúruverndarstofnun bendir á ákvæði 28. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála sem kveður m.a. á um að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í [vatnááætlun](#). Stofnunin telur mikilvægt að mat á umhverfisáhrifum taki mið af vatnáætlun og ofangreindum lögum. Umhverfis- og orkustofnun hefur unnið [leiðbeiningar](#) um gerð áhrifamats áætlaða á vatnshlot svæðisins. Mikilvægt er að slíkt áhrifamat liggur fyrir við mat verkefnisins.

Trjátegundir

Í greinargerð kemur fram að trjátegundirnar sem á að gróðursetja séu alaskaösp, sitkagreni, birki og lerki eða fura. Náttúruverndarstofnun bendir á að við skógrækt ætti að leitast við að nota innlendar trjátegundir, t.a.m. ilmbjörk, reynivíð, blæösp, gulvíði og loðvíði, og að planta ætti fjölbreyttum trjátegundum til að stuðla að líffræðilegum fjölbreytileika og auka seiglu skógarins gagnvart sjúkdómum og sníkjudýrum. Náttúruverndarstofnun bendir á mikilvægi þess að eiga í samráði við fagaðila líkt og Land og skóg varðandi þessi málefni.

Aðgát skal höfð við gróðursetningu furu í skógrækt sem er erlend tegund. Í nýlegri íslenskri langtímarannsókn⁶ á stafafuru sem var gróðursett í skógrækt í Steinadal um miðja 20. öld kemur fram að tegundin hafi breitt tífalt úr sér miðað við áætlun og sýni af sér veldisvöxt. Hún hefur tekið yfir fjölbreytt búsvæði, þ. á m. innlenda birkiskóga og heiðalönd. Tegundin tengist mikilli minnkun í tegundaaufgi og fjölbreytileika æðplantna innan vistkerfa. Í

⁶ Pawel W., Guðrún Ó. og Þóra E.Þ. (2025). Lodgepole pine (*Pinus contorta* Douglas ex Loudon) invasion in subarctic Iceland: evidence from a long-term study, *NeoBiota*, 97, bls. 47-66.

Náttúruverndarstofnun

greininni er vísað í Nýsjálenska rannsókn, þar sem tegundum æðplantna á grassvæðum hefur fækkað á 20 ára tímabili úr 38 niður í 7 þar sem stafafura hefur gerst ágeng eftir skógrækt – og engar tegundanna sem stóðu eftir voru innlendar. Niðurlag rannsóknarinnar er að í Steinadal hafi stafafura eiginleika framandi ágengrar lífveru og að hægt væri að yfirfæra þá skilgreiningu á flest innlend vistkerfi á láglendi landsins.

Framandi ágengar tegundir eru ein helsta áhættan sem steðjar að líffræðilegum fjölbreytileika. Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á mikilvægi þess að vernda líffræðilegan fjölbreytileika, en Ísland er aðili að ýmsum alþjóðasamningum þess efnis, þ.á.m. Bernarsamningnum og Samningi Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni. Skoða ætti hvort ekki sé hægt að gróðursetja innlendar trjátegundir í stað stafafuru.

Að mati Náttúruverndarstofnunar þarf að meta mögulega útbreiðslu trjátegunda sem gætu tekið yfir nálæg landsvæði og haft neikvæð áhrif á líffræðilegan fjölbreytileika, líkt og stafafura hefur gert í íslenskri náttúru.

Niðurstaða

Í ljósi ofangreinds er það mat Náttúruverndarstofnunar að framkvæmdin sé líkleg til að valda neikvæðum umhverfisáhrifum og að framkvæma eigi mat á umhverfisáhrifum hennar.

Virðingarfyllt,

Fróði Guðmundur Jónsson

sérfræðingur

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Umsögn

Tilv. UX.821(P)



Land og skógur

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b, Reykjavík
sent í skipulagsgátt

Selfossi, 7. mars 2025

Efni: **Skógrækt í landi Villingavatns. Tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu, mnr. 147/2025**

Óskað var eftir umsögn um tilkynninguna og greinargerðina um áformin, um 1300 ha nýskógrækt í landi Villingavatns í Grafningi.

Undirritaður hefur kynnt sér málið, frestur til umsagnar er til 10. mars 2025. *Land og skógur* tók í ársbyrjun 2024 við hlutverki Skógræktarinnar og Landgræðslunnar. Umsögn þessi er byggð á lögum um skóga og skógrækt nr. 33/2019 og lögum um landgræðslu nr. 155/2018.

Nægjanlega virðist gerð grein fyrir framkvæmdinni, a.m.k. um það sem snýr að fagsviðum stofnunarinnar. Hvað varðar skógræktaráformin, þá er ekki að sjá annað en að þau útfærð á svipaðan hátt og þau skógræktaráform sem stofnunin sjálf (*Land og skógur*) hefur hönd í bagga með. Undirritaður telur ekkert atriði óljóst í greinargerðinni. Hvað varðar fagsvið stofnunarinnar telur undirritaður ekki að sjá að framkvæmdirnar þurfi í umhverfismat.

Af hálfu Lands og skógar er engra leyfisveitinga vegna framkvæmdanna þörf.

Stofnunin gerir þannig engar athugasemdir.

Undirritaður veitir nánari upplýsingar sé þess óskað,
bestu kveðjur, f.h. Lands og skógar,

Páll Sigurðsson, skipulagsfulltrúi

pall.sigurdsson@landogskogur.is

Austurvegi 3, 800 Selfossi, sími 570-5550



Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Borg, 6. mars 2025

Efni: Umsagnarbeiðni vegna máls nr. 0147/2025 í Skipulagsgátt.

Að mati sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps er með fullnægjandi hætti gert grein fyrir fyrirhugaðri framkvæmd, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun eftir því sem við á innan framlagðrar matsskyldufyrirspurnar. Að mati sveitarstjórnar er skógrækt og uppgræðsla á röskuðu landi innan jarðarinnar Villingavatns ekki þess eðlis að þörf sé á umhverfismati vegna framkvæmdarinnar. Sveitarstjórn bendir þó á að í samræmi við stefnumörkun sem lögð hefur verið fram innan aðalskipulagsbreytingar sem tekur til skógræktaráforma innan sveitarfélagsins er gert er ráð fyrir að svæði umfram 200 ha. og stærri skuli almennt skilgreind sem skógræktarsvæði í aðalskipulagi og eftir atvikum minni svæði, þar sem um er að ræða samningsbundna eða skipulagða skógrækt s.s. til kolefnisbindingar. Viðkomandi áætlanir sem tilteknar eru innan matsskyldufyrirspurnar eru í því í öllum tilfellum háðar breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins þar sem svæðið skal skilgreint sem skógræktarsvæði og eftir atvikum gerð deiliskipulags sem tekur til einstakra framkvæmdaheimilda auk útgáfu framkvæmdaleyfis. Við útgáfu framkvæmdaleyfis fyrir skógrækt leggur sveitarfélagið áherslu á að fram sé lögð áætlun og/eða deiliskipulag sem tekur til ræktunaráforma þar sem a.m.k. eftirfarandi atriði komi fram:


- o Mati á verndargildi vistgerða á viðkomandi svæði
- o Mat á landgæðum m.a. að teknu tilliti til líffræðilegrar fjölbreytni og að stuðlað sé að sjálfbærri landnýtingu lands.
- o Mat áhrifa á þekktar forn- og náttúruminjar.
- o Uppfærð fornleifaskráning, liggi fullnægjandi skráning ekki fyrir.
- o Mat á áhrifum skógræktar á ásynd og útsýni.
- o Möguleg áhrif á grunnvatn, þ.m.t. vatnshlot.
- o Gera grein fyrir jarðvinnslu s.s. plægingu, slóðagerð og tegundavali.

Auk þess eru sett fram eftirfarandi skilyrði:

- o Á stærri skógræktarsvæðum skal m.a. hugað að tegundavali plantna m.t.t. brunavarna og flóttaleiða.
- o Leitað skal umsagnar til Lands og Skóga, Umhverfisstofnunar, Minjastofnunar og eftir atvikum til annarra aðila og stofnana sem kunna að hafa hagsmuna að gæta, þegar kemur til umsóknar um framkvæmdaleyfi eða breytingu skipulags vegna skógræktar.
- o Við skógrækt á opnum svæðum skal horft til þess að hámarka nýtingu svæðisins m.t.t. aðgengi almennings til útivistar og almennrar nýtingar á slíkum svæðum.
- o Skógrækt í námunda við ár- og vatnsbakka skal ekki hindra frjálsa för manna.
- o Skógrækt skal ekki valda snjósöfnun á vegum eða hindra veggýn.

Að mati sveitarstjórnar má ná fram öllum þeim atriðum sem fjallað er um innan matsskyldufyrirspurnar innan skipulagsskilmála við skilgreiningu svæðisins í aðalskipulagi sem skógræktarsvæðis og eftir atvikum innan deiliskipulagsskilmála eða ræktunaráætlunar sem lögð skal fram við útgáfu framkvæmdaleyfis vegna fyrrgreindra skógræktaráforma.

Virðingarfyllt,
f.h. sveitarstjórnar


Ejóla S. Kristinsdóttir, sveitarstjóri
GRÍMSNES- OG
GRAFNINGSHREPPS

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Málsnr. 2025-02-0091
Selfossi 24. 2. 2025

Efni: Matsskyldufyrirspurn, skógrækt að Villingavatni í Grafningi

Með tölvupósti 2. febrúar 2025 óskaði Skipulagsstofnun eftir umsögn Hafrannsóknastofnunar um matsskýrslufyrirspurn vegna fyrirhugaðrar skógræktar í landi Villingavatns í Grafningi. Meðfylgjandi voru gögn málsins, m.a. skýrsla Eflu (Anna Rut Arnardóttir 2025). Í skýrslunni er lýst áætlun fyrirtækisins Heartwood Afforested Land ehf um skógrækt í landi Villingavatns og möguleg áhrif þess á vatnalíf. Vegna verkefnisins yrðu 1.300 ha af landi jarðarinnar teknir undir skógrækt og þéttleiki trjáa yrði á bilinu 2.000 – 2.500 tré/ha. Trjategundir sem nýttar yrðu við verkefnið væru alaskaösp, greni, lerki, fura og birki. Hér á eftir verður fjallað um atriði í skýrslunni sem þarfnast nánari skýringa og hvaða þættir aðrir mættu koma til umfjöllunar.

Í skýrslunni er því lýst að gert sé ráð fyrir því að auð svæði verði skilin eftir meðfram árfarvegum, lækjum og gljúfrum (10 – 30 m eftir aðstæðum). Þetta verði gert til að tryggja aðgengi um svæðið og land um leið brotið upp með tilliti til eldvarna og ásýndar. *Það mætti bæta því við í lýsinguna að þetta sé einnig gert til hindra það að skugga sé varpað á vatnsföll og þannig haft áhrif á varmainnngæislun vatnsins, sem er mikilvægt fyrir lífríkið og hækkar hitastig árvatnsins á vaxtartíma lífvera.* Slík skuggaáhrif eru óæskilegur fylgifiskur skógræktar sérstaklega á norrænum breiddargráðum þar sem sólin er lágt á lofti. Fjalla þarf sérstaklega um hvort hætta sé á að starfsemin valdi slíkum skuggaáhrifum, sérstaklega við Villingavatnsá og Villingavatn, þar sem skógur mun vaxa í 10 – 30 m fjarlægð.

Í skýrslunni segir að áætlað sé að áburðarþörf verði um 10 – 15 g af tilbúnum áburði og/eða lífrænum áburði og að honum verði dreift á plöntur að vori. Árleg áburðarnotkun verði 20 – 37 tonn m.v. tilbúinn áburð og notkunin nemi 20 – 37 kg/ha. Ekki kemur fram í hversu mörg ár slík áburðargjöf sé áætluð. Það vantar frekari umfjöllun um magn efnaútskolunar vegna starfseminnar og hvort einhver hætta sé á ofauðgun næringarefna í vötnum sem renna frá starfseminni.

Í skýrslunni er greint frá því að grisjun fari fram ef tré sá sér undir raflínur í framtíðinni, en þess er ekki getið til hvaða ráða verði gripið þegar tré taka að sá sér á auð svæði, s.s. með farvegum vatnsfalla og vötnum. Verður sömu aðferðum beitt þar?

Almennt um tegundaval til skógræktarinnar: Gæta þarf þess að nærri árfarvegum og vötnum verði notaðar trjategundir sem ekki hafa mikla sjálfsáningu í för með sér.

Fh. Hafrannsóknastofnunar



Benóný Jónsson

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

21. febrúar 2025
2025-02-33/0.11.2

Efni: Umsögn Landsnets um matsskyldufyrirspurn vegna skógræktar í landi Villingavatns í Grímsnes- og Grafningshreppi

Landsneti barst, þann 10. febrúar 2025, beiðni um að veita umsögn um matsskyldufyrirspurn vegna skógræktar í landi Villingavatns í Grímsnes- og Grafningshreppi, mál nr. 147/2025 í Skipulagsgáttinni. Umsagnafrestur er til 10. mars 2025.

Landsnet hefur farið yfir gögnin sem fylgdu erindinu. Hlutverk Landsnets er með lögum nr. 65/2003 að annast flutning raforku og kerfisstjórnun. Í umsögn Landsnets er fyrst og fremst tekin afstaða til málefna sem snúa að því.

Í kynningarskýrslu framkvæmdaraðila er gerð nægjanleg grein fyrir því hvernig skógrækt verður háttað nærri línunum Landsnets, þ.e. *Búrfellslínu 3* og *Sogslínu 3* og helgunarsvæðum þeirra. Það á einnig við um viðhald og grisjun innan helgunarsvæða raflína í framtíðinni.

Í undirkafla í kafla 2.3 um helstu framkvæmdarþætti er fjallað um aðkomu og vegagerð. Þar kemur fram að notast verði við núverandi vegi, þ.m.t. línuvegi sem fylgi raflínunum.

Landsnet bendir á að umræddir línuvegir eru hluti af mannvirkjum fyrirtækisins. Í línuvegum eru á mörgum stöðum jarðskautsborðar fyrir línurnar en þeir mega ekki rofna. Vegirnir tryggja jafnframt greiðan aðgang að mannvirkjum vegna eftirlits, viðhalds og viðgerða. En það getur átt við aðgengi ýmissa vélknúinna tækja, allt eftir eðli verkefna.

Landsnet leggur áherslu á að allar verklegar framkvæmdir í nágrenni ofangreindra háspennulína verði í fullu samráði við Landsnet. Sérstaka aðgát skal hafa við vinnu nærri eða undir spennuhafa háspennulína og virða skal öryggisfjarlægðir. Það á sérstaklega við ef um háfermisflutning er að ræða. Tryggja þarf að framkvæmdin ógni ekki afhendingaröryggi rafmagns, sem og persónuöryggi á framkvæmdatíma, þ.e. þeirra sem starfa á svæðinu. Landsnet gerir kröfu um að fá áhættugreiningu mögulegs verks til umsagnar áður en það er unnið.

Framkvæmdir nærri flutningsvirki í rekstri á vegum Landsnets er háðar leyfi fyrirtækisins.

Virðingarfyllt

Rut Kristinsdóttir
Sérfræðingur umhverfismála

Undirritunarsíða

Rut Kristinsdóttir